

Því dæmist rjett vera:

Ákærða Sigprúður Oddsdóttir sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði allan af málinu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteiuson og cand. juris Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 21/1898:

Magnús Teitsson
 gegn
 Jörgen Hansen.

D ó m u r :

Með vedskuldabryjefi, dags. 27. janúarmán. 1894 og innrituðu til þinglesturs 19. aprílmán. s. á., vedsetti áfrýjandinn með 1. veðrjetti W. Christensens verzlun á Eyrarbakka, sem stefndi veitir forstöðu, bæ, er hann átti, standandi í Beinateg á Stokkeyrarlóð, fyrir skuld til verzlunarinnar, sem hann þá stóð í og sem hann ásamt því, er við skuldina bættist síðar, átti að hafa lokið að fullu í júlímánaðarlok 1897. Samkvæmt reikningi frá stefnda, dags. 29. nóvemberm. 1897, átti áfrýjandinn ógöldið verzluninni á hinum tilsetta tíma 77 kr. 8 a., og með því að hann greiddi eigi heldur skuld sína síðar, höfðaði stefndi mál þetta gegn honum, og var það dæmt í aukarjetti Árnassýslu

7. janúarmán. þ. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda upphæð skuldarinnar með 5% vöxtum af henni frá sáttakærudegi 12. oktbr. 1897 til borgunardags og 10 kr. í málskostnað, og var enn fremur ákveðið í dómnnum, að stefnda skyldi heimilt að láta taka fjárnámi og selja til lúkningar nefndum greiðslum bæ þann í Beinateig á Stokks-eyrarlóð, er áfrýjandinn hafði veðsett honum með áður nefndu veðskuldabryggi.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. maí þ. á., og hefur hann fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, og hefur hann krafizt þess fyrir yfirdóminum, að dómurinn verði dæmdur ómerkur að því er snertir ákvæði hans um að stefnda skuli heimilt að taka fjárnámi og láta selja hið setta veð, en *til vara*, að dóminum verði hrundið, að því nefnd ákvæði hans áhrærir, og breytt þannig, að áfrýjandinn verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum stefnda viðvíkjandi veðinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum, hvernig sem málið fer, hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns. Stefndi nefur af sinni hálfu krafizt þess, að aukarjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan kostnað málsins.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að dómurinn fari lengra en dómkrafa stefnda náði, að því leyti dómurinn heimilar honum að láta selja hinn veðsetta bæ, en þetta er ekki rjett, því

að stefndi gjörði kröfu um að sjer væri heimilað að ganga að veðinu, þegar er áfrýjandi hjelt því fram að veðrjetturinn væri fallinn burtu. Ómerk-ingarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Það er kemur til aðalefnis málsins, þá er enginn ágreiningur um það í málinu, að áfrýjandi skuldar verzlun stefnda hina umstefndu upphæð, og er því dómurinn eigi vefengdur að því leyti, að hann dæmir áfrýjanda til að greiða hana; en áfrýjandi vill fá breytt því ákvæði dómsins, að stefnda skuli heimilt að taka fjárnámi og láta selja bæinn í Beinateig til lúkningar skuldinni, og byggir hann mótmæli sín á því, að bærinn í Beinateig, er hann veðsetti stefnda með brjefinu 27. jan. 1894, hafi fallið gjörsamlega 1895 og hafi stefndi verið ófáanlegur til að hjálpa sjer að byggja hann upp aptur, þó að hann hafi farið þess á leit við hann; álitur hann, þar sem engin skylda sje lögð sjer á herðar í veðbrjefinu að viðhalda bænum, að veð stefnda hafi orðið að engu, er bærinn fjell; síðar kveðst hann með annara hjálp hafa byggt bæinn upp að nýju, án þess að nota til þess nokkra spýtu úr gamla bænum, og þenna nýja bæ hafi hann þegar selt öðrum. Það virðist þó mega ráða það af málinu, að áfrýjandinn hafi átt bæjarstæði undir gamla bænum, og hefur veðrjetturinn þá að sjálfsögðu einnig náð til þess, en úr því að svo er, og þar sem nýi bærinn var byggður á sama stað, hefur veðrjettur verzlunarinnar haldizt eins fyrir það, þótt bærinn fjelli eða væri rifinn niður, og verður því að fallast á það, að stefnda er með hinum áfrýjanda dómi dæmdur rjettur til að ganga

að nýja bænum til greiðslu skuldarinnar. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði aukarjettardómsins um málskostnaðinn, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjandinn greiði stefnda 20 kr. Hinum skipaða málfutningsmanni áfrýjanda ber eptir þessum úrslitum málsins engin málfutningslaun, en það vottast að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Magnús Teitsson, greiði stefnda, Jörgen Hansen verzlunarstjóra, í málskostnað að fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. októbermánaðar.

Nr. 23/1898:

Franz Siemsen
gegn
Jóni Breiðfjörð.

D ó m u r :

Eptir skipun sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, áfrýjandans Franz Siemsen, hjelt hreppstjóri Jón Breiðfjörð, hinn stefndi í máli þessu, opinbert uppboð 10. marz 1888 að Hlöðunesi á Vatnsleysuströnd, til þess að selja dánarbú